

Ferðapjónusta í Eyjafirði

– Vöruþróun og framtíðarsýn –

Berg - menningarhús Dalvíkur, föstudaginn 6. nóvember 2009, kl. 9.00-13.00

Rannsóknamiðstöð ferðamála í samstarfi við Ferðamálastofu, Útflutningsráð, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Atvinnumáladeild Dalvíkurbyggðar og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar boðar til vinnufundar á Dalvík um framtíðarsýn ferðapjónustu í Eyjafirði og forsendur vöruþróunar.

Dagskrá:

- 9.00: Opnunarerindi AFE
- 9.15: Mikilvægi samræmdrar svæðisbundinnar stefnumótunar
- 10.00: Hlutverk ferðapjónustu - Útflutningsráð
- 10.30: Hlutverk ferðapjónustu - Ferðamálastofa
- 11.00: Næstu skref og umræður – skipun vinnuhópa undir stjórn NMI
- 12.00: Hádegisverður í boði Atvinnumálanefnd Dalvíkurbyggðar
- 13.00: Fundi slitið

Markmið vinnufundarins er að kynna aðferðafræði vöruþróunar og stefnumótunar sem byggir á landfræðilegum upplýsingakerfum og taka fyrstu skrefin í þá átt með því að móta vinnuhópa.

Grundvöllur vöruþróunar er ítarleg úttekt á auðlindum og innviðum ferðapjónustu í Eyjafirði í samvinnu við lykil hagsmunaaðila. Þessi úttekt snýr að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðapjónustu, þjónustu innviðum, samgöngum og mannauð svæða. Þörf er á að kortleggja þessa þætti í landfræðileg upplýsingakerfi, sem gerir ferðapjónustu kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Þarf að skipuleggja vinnuhópa á hverju svæði fjarðarins og safna gögnum í grunninn og þau svo notuð í röð funda við hagsmunaaðila á svæðunum til að skilgreina framtíðarsýn ferðapjónustu. Landfræðileg upplýsingakerfi gefa einnig möguleika á að leggja saman og bera saman einstök gagnasöfn og kort og eru þannig ómetanleg þegar kemur að vöruþróun, þar sem hægt er að átta sig á hvar mest aðdráttarafi og þjónusta er fyrir hendi og hvernig það er samansett, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafi eða byggja upp þjónustu.

Fundurinn er opin og öllum að kostnaðarlausu. Áhugasamir eru beðnir að skrá sig hjá Eyrúnu (ejb@unak.is) fyrir föstudaginn 30. október 2009.